



## Erindisbréf fyrir lista- og menningarráð.

### I. kafli.

#### Skipan og umboð.

##### 1. gr.

Lista- og menningarráð er kosið af bæjarstjórn Kópavogsbæjar á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum og fer með þau menningarmál sem ráðinu eru falin og nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu.

##### 2. gr.

Lista- og menningarráð er skipað fimm fulltrúum ásamt áheyrnarfulltrúum í samræmi við 43. gr. bæjarmálasamþykktar nr. 774/2013 og jafn mörgum til vara. Ráðið er kosið til fjögurra ára í senn. Á fyrsta fundi ráðsins eftir kosningu fer fram kjör formanns, varaformanns og ritara.

#### Fundir og starfshættir.

##### 3. gr.

Forstöðumaður menningarmála/Listhúss Kópavogsbæjar starfar með ráðinu og ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum þess sé hrint í framkvæmd. Hann, eða starfsmaður á vegum hans, undirbýr fundi ráðsins, situr fundi þess og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

##### 4. gr.

Forstöðumaður menningarmála boðar fundi í samráði við formann ráðsins. Ráðsmanni er skylt að sækja fundi ráðsins nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýn skyldustörf eða veikindi.

Geti ráðsmaður ekki sótt fund skal hann boða varamann í sinn stað.

Formaður ráðsins ber ábyrgð á því að samvinna sé á milli nefnda og ráða þegar það á við.

Fjöldi funda lista- og menningarráðs er ákvarðaður við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.

Formanni ráðsins er heimilt að taka ákvörðun um að fella niður fund ef hún byggir á málefnalegum ástæðum.



## 5. gr.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir ráðsmenn eða varamenn í forföllum aðalmanna, svo og aðrir sem seturétt eiga á fundinum, hafa verið boðaðir með að minnsta kosti eins sólarhrings fyrirvara með skriflegri dagskrá.

Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar ráðsins getur fyrirvari um boðun verið skemmri.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í nefndinni þótt það sé ekki tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver ráðsmanna óskar þess.

Ráðsfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað og meira en helmingur ráðsmanna er mættur á fundinn. Ráðið getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

## 6. gr.

Um fundarsköp og málsmeðferð í ráðinu fer skv. III. kafla samþykktar um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 774/2013, sbr. breytingu nr. 827/2014 eftir því sem við á.

Formaður ráðsins stýrir fundum þess.

Fundir ráðsins skulu jafnar haldnir fyrir luktum dyrum. Ráðið getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Enn fremur getur ráðið boðið aðilum að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekið mál.

Þeir sem sitja fundi ráðsins skulu gæta fyllsta trúnaðar um þau einkamál er rædd kunna að vera á fundum. Þagnarskylda helst þó látið sé af þessum störfum.

## 7. gr.

Ráðið skal halda gerðarbók og kjörinn ritari skal færa fundargerð í gerðarbók. Um ritun fundargerðar gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. III. kafla samþykktar um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 774/2013 sbr. breytingu nr. 827/2014.

## 8. gr.

Lista- og menningarráð skal við undirbúning mála og stjórnvaldákvarðanir gæta þess að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum stjórnsýslunnar.

## III. kafli.



## Hlutverk og markmið.

### 9. gr.

Hlutverk lista- og menningarráðs er að fara með og sinna stefnumörkun í menningarmálum og vera ráðgefandi til bæjarráðs um þau mál.

Lista- og menningarráð fer með málefni stofnana sem starfa að menningarmálum í Kópavogi, þ.e.a.s. Bókasafns Kópavogs, Gerðarsafns, Héraðsskjalasafn Kópavogs, Náttúrufræðistofu Kópavogs, Salarins. Þá fer ráðið með málefni lista- og menningarsjóðs.

### 10. gr.

Hlutverk og verkefni ráðsins eru m.a. að:

1. Gera tillögu til bæjarráðs um menningarstefnu Kópavogsbæjar.
2. Hafa eftirlit með rekstri málaflokksins og að samþykktum og stefnumörkunum Kópavogsbæjar sé framfylgt á verksviði ráðsins.
3. Hafa eftirlit með framkvæmd starfssamninga Kópavogsbæjar við lykilaðila í menningarlífi bæjarins.
4. Vinna að eflingu menningarstarfsemi í Kópavogi í samræmi við menningarstefnu bæjarins með því m.a. að virkja menningarstofnanir, örva listræna sköpun og gefa almenningi tækifæri til að njóta listar og menningar.
5. Veita styrki til menningarstarfs í Kópavogi úr lista- og menningarsjóði Kópavogs.
6. Velja bærlistamann og heiðurslistamann Kópavogs.
7. Skipa ráðgjafanefnd Gerðarsafns að fengnum tilnefningum.
8. Gera tillögu til bæjarráðs um staðsetningu hvers konar listaverka í opinberu rými að fenginni umsögn Gerðarsafns, skipulagsráðs og umhverfis- og samgöngunefndar.
9. Taka ákvörðun um listaverkakaup að fengnum tillögum ráðgjafanefndar Gerðarsafns í samræmi við fjárheimildir úr lista- og menningarsjóði.
10. Önnur þau verkefni sem bæjarráð felur ráðinu.

### 11. gr.

Ákvarðanir lista- og menningarráðs taka formlega gildi við staðfestingu í bæjarstjórn nema um sé að ræða tillögur að fjárútlátum utan fjárhagsáætlunar. Slíkar tillögur skal leggja fyrir bæjarráð.

Fundargerðir lista- og menningarráðs skulu lagðar fyrir bæjarráð og bæjarstjórn til kynningar og samþykktar.



## IV. kafli.

### Hæfi og skyldur nefndarmanna.

#### 12. gr.

Ráðsmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Ráðsmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarstað við meðferð og afgreiðslu þess. Ráðsmaður sem veit að hæfi sitt orkar tvímælis ber að vekja athygli ráðsins á því.

Að öðru leyti vísast til ákvæða 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykktar bæjarstjórnar frá 27. janúar 2015 um siðareglur kjörinna bæjarfulltrúa og stjórnenda. Einnig til reglna um ábyrgð og starfshætti ráðinna stjórnenda, kjörinna fulltrúa og nefndarmanna við stjórnarsýslu Kópavogsbæjar frá 10. janúar 2012.

#### 13. gr.

Lista- og menningarráð hlutast ekki til um daglegan rekstur og starfsemi þeirra stofnana sem heyra undir lögformlegt ábyrgðar- og eftirlitssvið þess. Þá hefur ráðið ekki boðvald yfir starfsfólki þeirra stofnana sem undir ráðið heyra né heldur starfsfólki Listhúss/menningarmála Kópavogsbæjar.

Rekstur stofnana, starfsmannamál og gerð fjárhagsáætlunar er á ábyrgð forstöðumanna stofnana og forstöðumanns Listhúss/menningarmála Kópavogsbæjar. Lista- og menningarráð kemur ákvörðunum sínum og stefnumótun í framkvæmd með formlegum samþykktum á lögætum fundum.

## V. kafli.

### Gildistaka.

#### 14. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarskóp bæjarstjórnar 538/2010, sbr. br. 217/2011. Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í bæjarráði og bæjarstjórn Kópavogs og tekur gildi 28. júní 2016. Breytt á fundi bæjarstjórnar þann 14. september 2021.